

Priðjudaginn 27. september 1960.

Nr. 138/1960. Lárus P. Valdimarsson

gegn

Kaupfélagi Skagstrendinga.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisunarkröfu synjað.

Dómur Hæstaréttar:

Hinn kærði úrskurður er upp kveðinn af Guðbrandi Ísberg, settum sýslumanni í Húnavatnssýslu, ásamt samdómendunum Hermanní Þórarinssyni hreppstjóra og Ernst Berndsen hafnarstjóra.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. júlí 1960, sem hingað barst 18. s. m., og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Mál þetta hefur verið höfðað á réttu varnarþingi, og eigi varðar það frávisun, þótt það sé rekið fyrir sjó- og verzlunardómi. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 1800.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Lárus P. Valdimarsson, greiði varnaraðilja, Kaupfélagi Skagstrendinga, kr. 1800.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Húnavatnssýslu 4. júlí 1960.

Í máli þessu, sem er höfðað af Kaupfélagi Skagstrendinga í

Höfðakaupstað (Skagatrönd) gegn Lárusi Þ. Valdimarssyni, stjórnarformanni og framkvæmdastjóra h. f. Höfðakletts í Höfðakaupstað, til greiðslu vöruúttektar í verzlun kaupfélagsins í Höfðakaupstað á árunum 1957—1959, að upphæð kr. 7838.75, hefur umboðsmaður stefnda, hdl. Guðlaugur Einarsson, Reykjavík, krafist frávísunar málsins nú þegar, en til vara, að umbjóðandi hans verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Frávísunarkrafan er samkvæmt framlagðri greinargerð byggð á neðangreindum forsendum:

1. Að stefndi sé búsettur á Rifi á Snæfellsnesi, og sé honum stefnt til að mæta á röngu varnarþingi.
2. Að málið hafi verið þingfest í sjó- og verzlunardómi, en átt hefði að sækja það á aukadómþingi.

Að 1. Málið er verzlunarskuldarmál, en skuldin stofnuð í Höfðakaupstað og málið þingfest þar, en síðan flutt til Blönduóss. Stefnan virðist hafa verið löglega birt á heimili stefnda samkvæmt áritun stefnuvotta og þingfesting málsins heimil í Höfðakaupstað samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936.

Að 2. Það er rétt, að mál þetta, sem stefnt var fyrir aukadómþing Húnavatnssýslu, var af vangá tekið fyrir í sjó- og verzlunardómi samhliða 2 öðrum málum á hendur Höfðakletti h.f., en stefndur er fyrirsvarsmaður þess hlutafélags og mætti sjálfur í öllum málunum. Krafðist hann frávísunar í málunum á hendur Höfðakletti h.f., en í þessu máli gerði hann ekki annað við þingfestingu þess en að biðja um mánaðarfrest til þess að skila greinargerð, og var honum úrskurðaður hálf mánaðar frestur. Þegar svo málið kom fyrir á ný á Blönduósi, var leitað samþykkis aðilja að flytja málið á milli þinga, þ. e. taka það nú fyrir á aukadómþingi og þingmerkja framlögð skjöl að nýju í samræmi við það, en því var mótmælt af umboðsmanni stefnda, sem heimtaði, að það yrði flutt áfram fyrir sjó- og verzlunardómi. Verður að líta svo á, að umboðsmaður stefnda hafi með þeirri framkomu sinni samþykkt flutning málsins fyrir sjó- og verzlunardómi. Þau ummæli umboðsmanns stefnda í greinargerð hans, að umbjóðandi hans eigi stefnanda enga skuld að gjalda, gætu og bent til þess, að hann telji, að skuldin sé ekki hans skuld, heldur þá væntanlega Höfðakletts h.f., og ætti málið þá að flytjast fyrir sjó- og verzlunardómi.

Flutningur máls þessa hefur farið fram með sama hætti sem verið hefði, ef það hefði verið flutt fyrir aukadómþingi Húna-

vatnssýslu, að því einu fráskildu, að meðdómsmenn áttu þátt í að úrskurða stefnda umbeðinn frest. Verður því ekki séð, að þau mistök, sem urðu við þingfestingu málsins af hendi dómsins, hafi á nokkurn hátt haft áhrif á málstað eða málflutningsaðstöðu umboðsmanns stefnda, að það réttlæti kröfu hans um frávísun.

Því úrskurðast:

Kröfu umboðsmanns stefnda í máli þessu, hdl. Guðlaugs Einarssonar, um frávísun þess, ber ekki að taka til greina.

Fimmtudaginn 29. september 1960.

Nr. 128/1959. **G. Helgason & Melsted h/f**
(Sveinn Snorrason hdl.)

gegn

E. O. Umez Eronini (Jón Bjarnason hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór
B. Lindal.

Lausafjárkaup. Skaðabóta- og endurgreiðslukröfur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. júlí 1959, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. s. m. og gert þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum £ 3434-1-5 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. janúar 1960, áfrýjað málinu með stefnu 10. febrúar s. á. og krafist þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum £ 3056-6-3 með 6% ársvöxtum frá 12. marz 1953 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.